



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarráð Reykjavíkur

Reykjavík 13.10.2016

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 12. október 2016 varðandi eftirfarandi mál.

**Gamla höfnin - Vesturbugt**

Lögð fram umsókn Landmótunar sf., mótt. 22. september 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Gömlu hafnarinnar - Vesturbugtar. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri göngubryggju austan við lóð Grandagarðs 8 sem tengir núverandi bryggju við gönguleið / bryggju við Rastagötu, samkvæmt uppdr. Landmótunar sf., dags. 4. október 2016.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr.  
skipulagslaga nr. 123/2010.*


*Visað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: uppdr. Landmótunar sf., dags. 4. október 2016.

# BREYTING Á DEILISKIPULAGI VESTURBUGTAR AUSTAN VIÐ GRANDAGARD 8




GILDANDI DEILISKIPULAG FYRIR VESTURBUGT, SAMÞYKKT 28. NÓVEMBER 2013.



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR  
2010-2030

## SKÝRINGAR

	MÖRK SKIPULAGSBREYTINGA
	LÖDAMÖRK
	BYGGINGARREITUR FYRIR NÚVERANDI TIMBURBRYGGJU
	BYGGINGARREITUR FYRIR NYJA TIMBURBRYGGJU
	AFMÖRKUN DEILISKIPULAGS VESTURBUGTAR
	OPIÐ SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
	BYGGINGARREITUR Í DEILISKIPULAGI VESTURBUGTAR



TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI FYRIR VESTURBUGT.

## GREINARGERÐ

Gerð er breyting á deiliskipulagi Vesturbugtar í Reykjavík sem samþykkt var 28. nóvember 2013. Breytingin er gerð vegna göngubryggju utan lóðar Grandagarðs 8 sem tengir saman núverandi bryggju við Sjóminjasafn og gönguleið við Mýrargötu.

Breytingin felur í sér að gert er ráð fyrir nýri göngubryggju austan við lóð Grandagarðs 8 sem tengir núverandi bryggju við gönguleið / bryggju við Rastargötu. Petta er í takt við markmið aðalskipulags og gildandi deiliskipulags um að setja umferð gangandi og hjólandi í forgang á skipulagssvæðinu, auðvelda aðgengi að hafnarbakkanum og auka gæði almenningsrýma.

Núverandi hafnargarður er friðlýstur skv. lögum um húsafríðun nr. 104 frá 2001 en í deiliskipulagi Vesturbugtar segir; „ Timburbryggjan meðfram safnið er breytt til að steinhleðsla hafnar verði sjáanlegri og aðlagist betur Daníelsslippi.“

Ný bryggja á ekki að skerða núvarendi hafnargarð en deiliskipulagið setur eftirfarandi skilyrði:

- Grjótvörn verður gerð sýnileg með lýsingu og plexigleiri í dekkji.
- Efni og handrið bryggjunnar verða í samræmi við þau efni sem er í bryggju við Sjóminjasafn.
- Bryggjan skal vera opin almenningi allan sólarhringinn og ekki er heimilt að loka henni.
- Heimilt er að tengja núverandi svalar á 1. hæð Grandagarðs 8 að austanverðu við bryggju.
- Frágangur verður í samvinnu við Minjastofnun Íslands.

Fult samráð verður haft við Minjastofnun Íslands um frágang og endanlega hönnun bryggjunnar en nú þegar hefur verið haft samráð við stofnunina sem gaf umsögn 1. september 2016. Gengið verður frá steinum sem teknir voru úr grjótgarðinum á sinn stað undir eftirliti Minjastofnunar. Núverandi timburbryggjur eru lagfærðar á uppdrætti í samræmi við núverandi útlit.

Að öðru leyti gilda skilmálar úr samþykktu deiliskipulagi Vesturbugtar.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði

1. mgr. 43. gr. skipulagsbla

nr. 123/2010 var samþykkt

i \_\_\_\_\_

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og

i \_\_\_\_\_

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafesti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

## DEILISKIPULAG VESTURBUGTAR



### BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Dags: 04.10.2016

Mkv: 1:2000 A4

Teikn: KUS, AEK

Aðalhelður E. Kristsjánssdóttir og Margrét Ólafsdóttir

Teikn. nr:

Verk nr: HT1601A

Hannað: